

## Foreldrafélag Glerárskóla

13.Mars 2017

Fundur var settur kl 17:00

Mættir: Brynja,Rakel,Vilborg, Alma, Atli, Theódóra og Elín

1.Fyrsta mál á dagskrá var að ræða vorhátíðina. Vorhátíðin á að vera haldin þann 2.júní en tímasetning er óákveðin. Rætt var um að stytta tímann á vorhátíðinni úr 2 klst í 1 ½ klst. Ekki er búið að negla niður tímann en hugmyndir voru um að hafa það annað hvort 11-12:30 eða 11:30-13:00. Ætlum að bera það undir kennarana hvor tíminn henti betur uppá að kennarar nái að kveðja krakkana fyrir skólaslitin.

2. Farið var yfir hugmyndir af leikjum og atriðum fyrir vorhátíðina. Hugmyndir sem komu fram á fundinum voru tombóla, mála málverk, krítar, sápukúlur, bandí, krikket, pokahlaup og ákveðið var að athuga með hoppukastala ef það er til peningur fyrir því. Einnig ætluðum við að athuga hvort það væru ekki einhverjir nemendur sem væru til í að spila á hljóðfæri eða sýna einhverjar aðrar listir.

Ákveðið var að sleppa því að grilla sykarpúða í ár og nota grillið frekar til að poppa og bjóða uppá ís.

Síðan verður einnig sýning á verkum nemenda en hún er á vegum kennara.

3. Annar fundur verður haldin fyrir vorhátíðina þegar nær dregur til að undirbúa og fara yfir þessi atriði.

Kl 18:30 var fundi slitið,

Rakel Ósk Jensdóttir, ritari